

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Þórshafnarkauptún.

130

12. júlí

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk Þórshafnar eru að norðan bein lína úr Bakkahorni í Hafnalónsárós en að sunnan bein lína úr Borgartanga hjá Ytri-Brekkum í Laxártanga.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Þórshafnar og skal honum eingöngu varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til reksturs, viðhalds og leiðbeininga við innsiglinguna.

Hafnarnefnd á Þórshöfn skipa 5 menn, kys hreppsnefnd Sauðaneshrepps þrjá þeirra, en sýslunefnd N.-Þingeyjarsýslu tvo. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára og ganga úr nefndinni sitt árið hver, í fyrstu 4 skipti eftir hlutkesti. Skulu ávallt þrír nefndarmenn vera búsettir á Þórshöfn. Hafnarnefnd hefir, undir yfirstjórn hreppsnefndar og undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, framkvæmd hafnarmála, og eftirlit með höfninni, sér um umbætur og viðhald á henni og á eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Ef hafnarnefnd óskar eftir skal hreppsnefnd skipa bryggjuvörð, eftir tilnefningu hafnarnefndar. Hafnarnefnd gefur bryggjuverði erindisbréf. Annars er hafnarnefnd heimilt að annast þau störf sjálf. Hafnarnefnd kys formann og hafnarstjóra úr sínum hóp og skal hafnarstjórinn vera búsettur á Þórshöfn.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans, eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

3. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlíta boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært yfir því til hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

130
12. júlí

4. gr.
Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar ef þeir með því tefja fermingu eða affermingu skipa, eða önnur störf, sem þar eru unnin.

5. gr.
Skýlt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt sem eldshætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

6. gr.
Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum, fiskúrgangi eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum er þar liggja, né flytja það frá landi út í höfnina.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar, og með samþykki hreppsnefndar Sauðanesshrepps.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Eigendum þeirra mannvirkja, sem eru eða kunna að verða gerð með leyfi hreppsnefndar, er skýlt að halda þeim við þannig, að engin hætta geti stafað af þeim. Nú vanrækir einhver eigandi slíks mannvirkis að halda því í því ástandi, sem nauðsynlegt er að áliti hafnarstjóra, er þá hafnarnefndinni heimilt að láta gera við mannvirkið á kostnað eiganda, en eigendur eru alltaf ábyrgir fyrir öllum þeim skaða á skipum og mannvirkjum annara, er kann að stafa frá mannvirki hans.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

7. gr.
Skip, er hvorki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunni, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggjast svo, að það tefji eða hindri umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

8. gr.
Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þessa ekki nægilega gætt, má krefjast þess að bætt sé úr því tafarlaust. Virkaðla og festar skal klæða þar sem það hvílir á bryggjunni. Skýlt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju.

9. gr.
Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjunum standi hætta af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggnaða.

130

12. júlí

10. gr.

Meðan hafnarnefnd ekki ákveður annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, að öðru jöfnu, er sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir og verða þau skip að vikja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur ber hafnarstjóra að vísa skipi frá bryggjunni áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

11. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru sliku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bryggju, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, ber hafnarstjóra að stöðva verkið unz bætt verður úr því sem áfátt er.

Kjölfestu má ekki taka annars staðar á lóðum eða mannvirkjum hafnarinnar en þar, sem hafnarstjóri vísar til.

12. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggjuna, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiða allan kostnað.

13. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdir eru eða látnir í skip mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki, og ekki annars staðar í landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burtu muni og vörur jafnóðum og hann krefst þess. Sé það ekki gert, lætur hann gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða ábyrgðarmanns hans.

VI. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

14. gr.

I. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum sem til eru við höfnina, eða gerð kunna að verða, skal ákveðið með sérstökum samningi við málsaðilja.

II. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Þórshafnarhöfn, og farmi þeirra, greiðist:

- a. Lestargjald: Öll skip, sem mæld eru 5 smálestir og þar yfir skulu greiða í lestargjald 10 aura af hverri nettó smálest í hvert skipti er þau leggjast á Þórshafnarhöfn eða hafa samband við land á Þórshöfn eftir að þau koma frá útlöndum, eða ef ræðir um innlend skip, þá í fyrsta sinn er þau leita hafnar á Þórshöfn á árinu. Liggi skipið lengur en 14 daga á höfninni tvöfaldast gjaldið. Hafni skipið sig oft看 en einu sinni á árinu á Þórshafnarhöfn, og hafi á þeim tíma ekki komið til annara landa, greiðist lestargjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skipti, en síðar að helmingi. Skip, sem ganga á milli hafna á Íslandi svo og milli Íslands og útlanda, eftir ákveðnum ferðaáætlunum, skulu, þá er þau í fyrsta sinn á árinu koma á Þórshafnarhöfn, greiða lestargjald, en síðar ekki þótt þau hafni sig oft看 á sama ári.

130
12. júlí

- Skip, sem heimilisföst eru í þorpinu eða stunda útgerð þaðan lengri tíma en 3 mánuði ársins, skulu greiða 5 krónur fyrir hvern opinn vélbát, 10 krónur fyrir hvern þiljaðan vélbát og 10 krónur fyrir hvern uppskipunarbat á ári.
- b. Vitagjald: Öll skip, sem hafnargjald eiga að greiða og hafna sig á tímabilinu 1. ágúst — 14. maí, skulu greiða fyrir vitaljós hafnarinnar 1 krónu í hvert skipti er þau leita hafnar á þessu tímabili. Séu skipin meira en 300 smálestir, greiða þau 2 krónur. Skip, sem heimilisfang eiga á Þórshöfn, eru undanþegin þessu gjaldi.
- c. Vörugjald: Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, enn fremur vörum, sem fluttar eru milli skipa á höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:
1. Af salti, kolum og sementi 2 krónur af hverri smálest.
 2. Af timbri 4 aura af teningsfeti.
 3. Af öllum öðrum aðfluttum vörum 3 krónur af hverri smálest.
 4. Af útfluttum vörum, saltfiski, saltkjöti, lýsi, sild, görnum, hrognum og endursendum umbúðum 2 krónur af smálest.
 5. Öðrum útfluttum vörum 3 krónur af smálest.
- Minnsta gjald af öllum vörum er 20 aurar. Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið að eins einu sinni. Póstur og farþegaflutningur er undan þeginn þessu gjaldi. Vörugjaldið skal reiknað eftir þyngd eða máli vörunnar með umbúðum samkv. farmskrám.
- d. Bryggjugjald: Skip og bátar, sem nota bryggjur hafnarinnar, greiða í bryggjugjald 5 aura af nettó smálest í allt að sólarhring í hvert skipti sem þau leggja að bryggju, þó ekki minna en 2 krónur fyrir skip og báta, sem mæld eru til lestartals, og ekki minna en 1 króna fyrir smærri báta. Bátar heimilisfastir á Þórshöfn skulu greiða 50 aura á sólarhring, þó ekki yfir 20 krónur á ári.
- e. Skip og bátar, sem leggja afla sinn á land á Þórshöfn, greiða 1% af heildarafla skipsins. Heimilt er hafnarnefnd að lækka þetta gjald með sérstökum samningi.

15. gr.

Verði hafskipabryggja og plön hafnarsjóðs leigð einstökum mönnum til sildaröltunar eða annars reksturs, skal um það gerður sérstakur samningur við hafnarnefnd.

VII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

16. gr.

Skipstjóri eða formaður á bát ber ábyrgð á greiðslu hafnar- og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri er, eða formaður, á fleytunni, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrétt yfir fleytunni unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skipið fer burt úr höfninni. Gjalddaga fyrir ársgjald ákveður gjaldkeri hafnarsjóðs.

17. gr.

Gjöld fyrir vörur þær, sem um getur í 15. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Þórshöfn, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Leigu samkv. 16. gr. greiðir samningsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem

vörurnar flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skylt skal þó senda að setja tryggingu fyrir greiðslu vörugjaldsins áður en varan er flutt í skip, ef innheimtumaður krefst þess.

18. gr.

Andvirði fiskihlutar fellur í gjalddaga við lok hvers mánaðar. Aðkomuskip greiði þó gjaldið strax að uppskipun lokinni. Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarnefnd upp í hvert sinn heildarafla sinn, ef það er ekki gert skal hafnarnefnd áætla gjaldið og innheimta samkv. þeirri áætlun.

19. gr.

Öll gjöld samkv. þessari reglugerð renna í hafnarsjóð. Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu þeirra. Fjáreignir hafnarsjóðs skal geyma og ávaxta á tryggilegan hátt, og eru hafnarnefndarmenn ábyrgir fyrir þeim.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari skulu greidd á skrifstofu gjaldkera hafnarsjóðs og má taka þau lögtaki.

VIII. KAFLI

Ýms ákvæði.

20. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samingum verður ekki komið við um skaðabætur, geta aðiljar komið sér saman um að þær skuli ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið.

Yfirmatið skal framkvæmt af fimm mönnum dómkvöddum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en því, sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

21. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

22. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu hjá lögreglustjóra eða umboðsmanni hans nema hann með vottorði frá hafnarstjóra sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

23. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans, samkv. 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkv. lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Þórshafnar.

130
12. júlí

25. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún nr. 37 18. marz 1937.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júlí 1939.

Ólafur Thors.

Vígfús Einarsson.

131

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frú Önnu Claessen árið 1938.

Tekjur:

1. Eignir frá fyrra ári:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00	kr. 4500.00		
b. Innstæða í Sparisjóði Skr.	— 105.43		
			kr. 4605.43
2. Útdregið bankavaxtabréf	—	500.00	
3. Varið til kaupa á bankavaxtabréfi	kr. 407.00		
Hagnaður á því	— 93.00		
			— 500.00
4. Vextir af bankavaxtabréfum	kr. 215.00		
Vextir af innstæðu í Sparisjóði Skr.	— 5.68		
			— 220.68
			Kr. 5826.11

Gjöld:

1. Styrkur veittur 5 sjúklingum	kr. 125.00		
2. Útdregið bankavaxtabréf	—	500.00	
3. Keypt bankavaxtabréf	—	407.00	
4. Eign í árslok:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00	kr. 4500.00		
b. Innstæða í Sparisjóði Skr.	— 284.11		
c. Hjá gjaldkera	— 10.00		
			— 4794.11
			Kr. 5826.11

Sauðárkróki, 30. janúar 1939.

Álfheiður Blöndal.

Helga Guðjónsdóttir.

Sigríður Sigtryggisdóttir.

Reikning þennan höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og höfum ekkert við hann að athuga.

Elínborg Jónsdóttir.

Bergljót Blöndal.